

Er RPM eitthvað fyrir mig?

Foreldrafundur 16.apríl 2009

Dagskrá

- Hvað er RPM, stutt kynning
- Horft á myndbrot af DVD diskum Somu
- Kaffihlé/spjall
- Horft á myndbrot af DVD diskum Somu
- Farið hringinn foreldrar kynna sig og sín börn

Hvað er RPM?

- R.P.M eða **Rapid prompting method** er aðferð sem gengur út á það að veita nemandanum fjölbreyttan fróðleik og að kenna honum í leiðinni að tjá sig.
- Ekki er einblínt á hegðun eða hegðunarmótun á meðan á kennslustundinni stendur
- Áherslan í hverri kennslustund er að örva ákveðnar stöðvar í heila nemandans, ýta við og vekja áhuga nemandans á sjálfum lærdómnum.

Hvernig virkar RPM?

- RPM er ólík mörgum öðrum nálgunum í vinnu með einhverfum þar sem þessi kennsluáferð byggist upp á því sem við vitum um starfsemi heilans.
- Markmiðið er að nemandinn geti lært eins mikið og honum er unnt í gegnum opnar lærdómsstöðvar (open learning channel) og kalla þannig fram þá mestu færni sem nemandinn hefur yfir að ráða á því augnabliki.
- Jafn óðum og lærdómsgeta og hreyfifærni einstaklingsins eflist eykst jafnframt námkvæmnin í svörun nemandans.

Hvernig virkar RPM?

- RPM notar ákveðna hvatningu (prompt) til að ýta af stað sjálfstæðri svörun frá nemandanum, án líkamlegrar snertingar / stýringar.
- Langtímamarkmiðið með kennslunni er sjálfstæð skrift. Leiðin að því markmiði er oft löng og ströng og notast er við hjálpargögn eins og pappír, stafaspjöld, stensla og teikni og skriftaræfingar.

RPM kennsla

- RPM notast við **kenna-spyrja** aðferðina til að kalla fram viðbrögð/svörun frá nemandanum í gegnum öfluga munnlega, heyrnræna, sjón og/eða hreyfi örvun.
- Í RPM er lögð áhersla á að sá sem leiði kenysluna hafi metnað fyrir hönd nemandans, leggi sig fram um að gera kennglustundina áhrifaríka og hafi trú á getu nemandans.

RPM kennsla

- Hvatningin er mikilvæg og henni er beint gegn sjálfsörvandi hegðun nemandans (m.a. stimminu) og við reynum að fanga athyglina og ná einstaklingnum til að fókusa á okkur og við reynum að ná fram svörun frá nemandanum.
- Með öðrum orðum: *Prompting competes with each student's self-stimulatory behavior, and is designed to help students initiate a response.*
- Við þekkjum þessi augnablik þegar einstaklingurinn allt í einu getur og kann ef hann virkilega er involveraður í það sem hann er að fást við og aðstæðurnar eru þær réttu þá opnast ákveðnar lærdómsstöðvar (open learning channels)

Viðbrögð frá nemandanum

- Svörunin getur verið að benda á ákveðin svör
 - Taka miðann með rétta svarinu
 - Draga hring um rétta svarið
 - Benda á stafi
 - Skrifa á tölvu
 - Skrifa með skriffæri
-
- Með þessu móti kemur skilningur nemandans, lærdóms geta, og að lokum samtalsfærni í ljós.

???

- Það er ekki flókin umgjörðin í kring um RPM þarf í raun bara þjálfarann (oftast foreldri í upphafi) blað og penna.
- vísindin að baki þess hvernig og hvers vegna þetta virkar fyrir suma einstaklinga er mun flóknara!
- Þeim sem ekki hafa haft tækifæri til að kynnast einhverfum einstaklingum og því hvernig einhverfan virkar reynist enn erfiðara að skilja hvernig þetta getur virkað!

!

- Flestum finnst það einföld framkvæmd að meðtaka upplýsingar úr umhverfinu t.d. talað mál, skilja það sem sagt er, undirbúa svar við því í huganum og nota síðan réttu vöðvana og hreyfingarnar sem við þurfum til þess að tjá okkur með.
- Flestir gera þetta án nokkurra vandræða og án þess að hugsa um það
- Fyrir mikið einhverfan einstakling getur þetta verið heilmikið og flókið verkefni

RPM byggir á

- Tító sonur Somu og aðrir mikið einhverfir sem náð hafa að tjá sig um sínar upplifanir hafa lýst því fyrir okkur að úrvinnsla skynáreitanna í umhverfinu sé mjög flókin og erfið og virkar oft yfirþyrmandi og jafnvel óyfirstíganlegt verkefni að ráðast í.
- Að þurfa að einbeita sér að því að heyra og hlusta á sama tíma. Að kalla fram viðeigandi svörun og eiga síðan að nota viðeigandi hreyfingu .
- Þetta krefst heilmikils erfiðis af einstaklingnum

RPM byggir á:

- Fyrir tilstilli vísindamanna og fólki með einhverfu sem tekið hefur þátt í vísindarannsóknum erum við að byrja að átta okkur aðeins á heilastarfsemi fólks með einhverfu. Hvernig hin mismunandi svæði heilans virka (eða virka ekki) og hvernig þessi svæði vinna saman og hvernig hægt er að virkja aðra staði í heilanum til að efla þá staði sem virka illa eða ekki.

RPM kennslustund

- Í RPM kennslustund þá þarf kennarinn að lesa vel einstaklingin sem verið er að fara að kenna
- Kennarinn talar mikið (hraði og hljóðstyrkur aðlagður að hverjum nemenda) og krefur nemandann um svörun til þess að halda honum við efnið og að fanga athygli hans.
- Kennarinn þarf að huga að stöðu sinni í kennslunni með tilliti til þeirra stöðva í höfðinu sem markmiðið er að örva.
- Kennarinn kemur fram við nemandann af virðingu og hefur trú á færni hans og getu.

RPM kennslustund

- Þegar Soma hittir nemendur sína í fyrsta skipti byrjar hún á því að koma fram með nokkrar staðhæfingar um eitthvað ákveðið efni og spyr síðan spurningar sem byggja á því sem hún var að segja.
- Hún skrifar tvö svör á sitthvorn miðann og bankar í svörin les þau og stafar upphátt og hvetur nemandann til þess að velja rétta svarið.

RPM kennslustund

- Í vinnu sinni með mörg hundruð nemendum hefur Sóma áttað sig á því að það eru til mismunandi týpur af nemendum og hún aðlagar sig að hverjum nemanda samkvæmt því. T.d. þeir nemendur sem eru hljóðrænir (auditory learners) eru nemendur sem horfa ekki endilega á svörin eða lesa þau þeir gætu t.d. reitt sig á að hlusta eftir bankinu við rétta svarið og fylgt því.
- Seinna er farið að færa sig úr því að velja frá tveimur möguleikum upp í fleiri möguleika. Frá því að taka upp rétta svarið í það að benda á rétta svarið og síðan að benda á stafi til þess að stafa rétta svarið.

Petta er of gott til að vera satt!

- Þeim sem gagnrýna aðferðina eru um of að festa sig í svörun nemendanna og jafnvel að rengja að viðkomandi geti vitað svarið en gleyma því að Soma byrjaði á því að segja nemendum svarið kenna/ svara aðferðin.
- *Dog is spelled D-O-G. What did I say? Dog is spelled D-G-O or D-O-G?" This format for teaching can be used with most any subject matter, no matter how complex the topic. Example: "NaCl is sodium chloride. Did I say NaCl is sodium chloride or sodium hydroxide?"*

RPM kennsla

- Kennsla hefur verið stunduð í aldir og það þarf ekki vísindamann til þess að finna það út að til þess að læra eitthvað **þá verður manni að vera kennt eitthvað.**
- Ef kennaranum tekst að koma kennslunni og rétta svarinu til nemandans (í gegnum allar hans flóknu boðleiðar) þá getur nemandinn náð þessu.
- Þó að nemandi sé greindur með einhverfu þá þýðir það ekki að viðkomandi eigi ekki að fá kennslu. Það getur verið erfitt fyrir viðkomandi að sýna okkur að hann eða hún skilji.

Hvernig geta foreldrar byrjað að nota RPM heima?

- Lesið bækur eftir fólk með einhverfu sem lýsa sinni skynjun og upplifun t.d. the mind tree eftir Titó, Teple Grandin og fleiri.
- Lesið nýju bókina hennar Somu um RPM
- Gerist meðlimir á Halo heimasíðunni. Þar er hægt að fá ráðleggingar frá Somu og öðrum foreldrum á spjallborði.
- Horfið á DVD diskinn hennar Somu(er til á skrifstofu UFE).
- Hafið trú á getu ykkar og barnsins ykkar
- Forðastu barnamál, talaðu við viðkomandi en ekki um hann/hana í návist hans/hennar.
- Lestu daglega fyrir barnið og spyrðu spurningar upp úr textanum

- Til að byrja með skaltu forðast samræður sem fela í sér tilfinningar sértaklega ef barnið þitt fær reiðikast.
- Ekki þörf á að nota mikið hrós eða nei í þjálfunarstund
- Umbunin felst í því að vera skilinn af öðrum
- Í upphafi er best að halda sig við að fá fram svör við ákveðnum staðreyndum í stað þess að fara að lýsa sinni líðan eða upplifun vegna skorts á æfingu í þessu hjá nemandanum.
- Lesið fréttablöð eða skoðið albúm og spyrjið um það sem fyrir augun ber.
- Legðu inn kennslu með barninu þínu í 30 mínútur 1-2x á dag.

Rannsóknir á RPM

- Frekari rannsókna á aðferðinni er að vænta og er það vilji Somu að aðferðin verði rannsökuð nánar.
- Virtir taugasérfræðingar eins og t.d. Dr. Michael Merzenich, Ph.D., a professor at the University of California San Francisco and a researcher at the W. M. Keck Center for Integrative Neuroscience, hafa staðfest að kennsluáferð Somu gagnist mörgum börnum og fullorðnum með einhverfu og hjálpar þeim í þeirra lífi og starfi.
- *Soma's teaching method will benefit many of the children and adults with autism who struggle daily to learn, function and communicate in traditional academic settings.*

Heimilidir

- Mukopadhyay Soma. 2008. *Understanding Autisme through Rapid Prompting Method*. (Handbókin sem Soma gaf út í nóvember 2008).
- HALO RPM Conference, in San Diego, CA, Sept. 18, 2004 (DVD diskurinn með Somu)
- [WWW.halo-soma.org](http://www.halo-soma.org)

Ásta Birna Ólafsdóttir tók saman (astabirna@fss.is)